

## L Ö G

um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu.

87

3. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Í Hraunhöfn á Melrakkasléttu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 3. maí 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

## L Ö G

um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað.

88

3. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Öll skip, sem eru 30 smálestir brúttó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan tak-